# Fyrsta skipakoman 2021

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Lúðvík Geirsson |
| **Frá** | : | Lúðvík Geirsson |
| **Heiti** | : | Fyrsta skipakoman 2021 |
| **Málsnúmer** | : | 2106157 |
| **Málsaðili** | : | Hafnarfjarðarhöfn |
| **Skráð dags** | : | 16.06.2021 07:57:37 |
| **Höfundur** | : | Lúðvík Geirsson |

**Viðhengi** image001.png image001.png



2 | FRÉTTIR
Innlent

MORGUNBLAÐIÐ MIÐVIKUDAGUR 16. JÚNÍ 2021

## Franskt fley fyrst í Fjörðinn

**Farþegaskipið *Le Dumont-d'urville*, sem nú liggur við bryggju í Hafnarfjarðarhöfn, er það fyrsta sem kemur til landsins á þessu sumri. Hið franska fley, sem tekur allt að 184 farþega, kom í fyradag og fer í kvöld í siglingu umhverfis Ísland. Farþegarnir koma að utan með flugi, stíga um borð í skipið í Hafnarfirði og í Íslandssiglinguna, sem tekur á sjötta sólarhring.**

**Þessar ferðir verða í allt sumar og hefur *Le Dumont-d'urville* viðkomu í Grundarfirði, á Ísafirði, Akureyri, Vestmannaeyjum og víðar. Að sögn Lúðvíks Geirssonar hafnarstjóra er von á alls sautján skemmtiferðaskipum í Hafnarfjörð og eru þau öll lítil eða meðalstór, gjarnan kölluð leiðangursskip. Stærstu gerðir farþegaskipa koma ekki til Íslands í sumar, enda margt enn óljóst viðvíkjandi útgerð þeirra með tilliti til sóttvarna og slíks.**

*sbs@mbl.is*

Ljósmynd/Guðmundur Fylkisson